

70

31. maí

Frá Finnlandi er gert ráð fyrir að Ísland kaupi eftirtaldar vörur:

Timbur	223 000	sterlingspund
Staura og fleira	17 000	—
Krossvið	23 000	—
Þilplötur og aðrar plötur til bygginga	19 000	—
Blaðapappír	46 000	—
Prentpappír og skrifpappír	20 000	—
Umbúðapappír	18 000	—
Annan pappír og pappa	21 000	—
Ýmislegar vörur	40 000	—

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 31. maí 1949.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

71

31. maí

AUGLÝSING

um viðskiptasamning milli Íslands og Bretlands 1949.

Á árinu 1949 hafa verið gerðir eftirfarandi samningar um viðskipti milli Íslands og Bretlands:

1. Samningur um fisklandanir í Bretlandi frá 1. apríl til 31. ágúst 1949, undirskrifaður í London hinn 1. apríl 1949.
2. Samningur um fisksölur til hernámssvæða vesturveldanna í Þýzkalandi á tíma-bilinu frá 15. febrúar 1949 til 31. október 1949, undirskrifaður í London hinn 20. maí 1949.
3. Almenn bókun um samningaumleitanir, sem fram fóru í London dagana 10. febrúar til 13. apríl 1949, undirskrifuð í London 13. apríl 1949.

Á grundvelli þessarar almennu bókunar, hafa eftirtaldir sérsamningar verið gerðir:

- a. Samningur um sildarmjöl af sumarframleiðslu 1949, undirskrifaður í London hinn 30. apríl 1949.
- b. Samningur um sildarlýsi og hvallýsi af sumarframleiðslu 1949, undirskrifaður í London hinn 30. apríl 1949.
- c. Samningur um hraðfrystan fisk, undirskrifaður í London hinn 30. apríl 1949.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 31. maí 1949.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.